

Starfsreglur um kirkjutónlist

Skýrsla nefndar með tillögum að breytingum

Að frumkvæði kirkjutónlistarráðs var tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017 lögð fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024 sem uppfærðar voru á Kirkjuþingi 2022 - 2023. Málinu var vísað til löggjafarnefndar sem lagði til að skipuð yrði nefnd til að endurskoða starfsreglurnar og hlaut sú tillaga brautargengi á vorþingi 2024.

Í nefndina voru skipuð Bjartur Logi Guðnason organisti fyrir hönd Kirkjutónlistarráðs, Jóhanna Gísladóttir prestur fyrir hönd Kirkjuþings og Guðný Einarsdóttir söngmálastjóri. Á haustdögum ákvað söngmálastjóri að víkja úr nefndinni og í hennar stað kom Sigrún Magna Þórsteinsdóttir organisti fyrir hönd stjórnar FÍO.

Nefndin fundaði alls sex sinnum og einu sinni með Kirkjutónlistarráði og biskupi.

Reglurnar – ásamt tillögum nefndarinnar að breytingum er að finna hér fyrir neðan:

1. gr. Stefna þjóðkirkjunnar í kirkjutónlistarmálum.

Á vegum þjóðkirkjunnar skal staðið að kirkjutónlistarmálum með hliðsjón af og í samræmi við tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar sem kirkjuþing samþykkir. Meginviðfangsefni kirkjutónlistarstefnu eru söngur og tónlistarflutningur við helgiathafnir kirkjunnar, almenn fræðsla, menntun og símenntun starfsmanna í kirkjutónlist.

Nefndin ræddi um gildi sálmabókarinnar í tónlistarstefnu og vill gjarnan að það gildi endurspeglit í starfsreglum. Nefndin leggur því til þessa breytingu á 1. gr.:

*Á vegum þjóðkirkjunnar skal staðið að kirkjutónlistarmálum með hliðsjón af og í samræmi við tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar sem kirkjuþing samþykkir. Meginviðfangsefni kirkjutónlistarstefnu eru söngur **þar sem sálmabókin er í öndvegi** og tónlistarflutningur við helgiathafnir kirkjunnar, almenn fræðsla, menntun og símenntun starfsmanna í kirkjutónlist.*

2. gr. Framkvæmd kirkjutónlistarstefnu og umsjón með kirkjutónlistarmálum.

Biskup Íslands ábyrgist framkvæmd tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar í samræmi við starfsreglur þessar. Biskup skipar söngmálastjóra þjóðkirkjunnar til að framfylgja kirkjutónlistarstefnunni og hafa umsjón með framkvæmd hennar. Biskup setur söngmálastjóra þjóðkirkjunnar erindisbréf.

Nefndin vill gjarnan að skerpt verði á hlutverki kirkjutónlistarráðs í starfsreglum og vægi þess aukið. Nefndin leggur því til eftirfarandi breytingu á 2. gr.:

*Biskup Íslands ábyrgist framkvæmd tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar í samræmi við starfsreglur þessar. Biskup skipar söngmálastjóra þjóðkirkjunnar **og kirkjutónlistarráð** til að framfylgja*

kirkjutónlistarstefnunni og hafa umsjón með framkvæmd hennar. Biskup setur söngmálastjóra þjóðkirkjunnar erindisbréf.

Þar sem 3. gr. starfsreglna um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074-2017, var felld brott með starfsreglum nr. 45/2022-2023 er það lagt til hér, að greinar 4-13 færist til um eitt númer og verði hér eftir greinar 3-12. Í þessari skýrslu er miðað við að sú breyting hafi orðið og vísað til eftirfarandi greina með númerum 3-12.

Nefndin leggur ekki til frekari breytingar á 3., 4., 5., 6., 7. og 8. grein og eru þær því svohljóðandi:

3. gr.

Framkvæmd og umsjón kirkjutónlistarstefnu skal einkum felast í því að:

a) veita organistum, prestum, kórstjórum, kirkjukórum, barnakórum og öðrum sem að kirkjulegu tónlistarstarfi koma ráðgjöf, fræðslu, aðstoð og stuðning.

b) mennta organista og annað tónlistarfólk til starfa innan kirkjunnar.

c) bjóða upp á símenntun í kirkjutónlist, sálmafræði og lítúrgískum fræðum.

4. gr.

Kirkjan starfrækir Tónskóla þjóðkirkjunnar sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu þeirra og annars tónlistarfólks innan kirkjunnar, sbr. 3. grein, liði b og c. Tónskólinn heyrir undir biskup. Skólinn starfar eftir námsskrá sem biskup samþykkir.

5. gr.

Biskup skipar þriggja manna kirkjutónlistarráð sem er stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar og fagráð í kirkjutónlistarmálum. Það starfar í samráði við söngmálastjóra þjóðkirkjunnar. Kirkjutónlistarráð ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni. Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum kirkjutónlistarráðs og ákvarðanir þess. Fundargerðir skulu sendar biskupi. Biskup setur kirkjutónlistarráði erindisbréf. Tilnefningar til setu í kirkjutónlistarráði: Biskup tilnefnir formann ráðsins og einn til vara, stjórn Félags íslenskra organleikara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og stjórn Prestafélags Íslands einn fulltrúa og einn til vara.

6. gr.

Söngmálastjóri er skólastjóri Tónskóla þjóðkirkjunnar.

Skólastjóri annast daglega yfirstjórn skólans og ræður annað starfsfólk hans í samráði við stjórn.

7. gr.

Skólastjóri Tónskólans gerir árlega starfs- og rekstraráætlun í samráði við kirkjutónlistarráð og leggur fyrir biskup til samþykktar. Starfs- og rekstrarár skólans er almanaksárið.

Skólastjóri skilar ársskýrslu og ber ábyrgð á gerð ársreiknings sem lagður er fyrir biskup.

8. gr.

Tónskólanum er heimilt að afla sértekna.

9. gr. Organistar.

Organistum er falin tónlistarstjórn safnaða þjóðkirkjunnar. Skilyrði fyrir ráðningu í starf organista er próf í kirkjutónlist frá Tónskóla þjóðkirkjunnar eða sambærileg próf í kirkjutónlist.

Nefndin ræddi að dæmi væri um að misskilnings gætti á hugtakinu tónlistarstjóri og félli því ekki undir skilyrði 9. greinar. Nefndin leggur því til svohljóðandi breytingu:

Organistar eru tónlistarstjórar safnaða þjóðkirkjunnar. Skilyrði fyrir ráðningu í starf organista er próf í kirkjutónlist frá Tónskóla þjóðkirkjunnar eða sambærileg próf í kirkjutónlist.

10. gr.

Sóknarnefndir auglýsa laus störf organista í samræmi við starfsreglur þessar. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, skólastjóri Tónskólans og formaður FÍO (Félag íslenskra organleikara) veita faglega aðstoð við ráðningarferli.

- Fáist ekki organisti til starfa með tilskilda kirkjutónlistarmenntun, sbr. 9. gr., er heimilt að ráða tímabundið í starfið til eins árs í senn.
- Auglýsa skal laus störf organista með fjögurra vikna umsóknarfresti hið minnsta.
- Í auglýsingu skal koma fram ítarleg starfslýsing, ráðningarkjör og umsóknarfrestur.
- Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir menntun og fyrri störfum og skila gögnum þar um eftir því sem við á.

Nefndin vill leggja til að 10. gr. starfsreglna verði breytt til samræmis við 3. gr. í starfsreglum um djákna, á þann veg að biskup Íslands auglýsi laus störf organista í samráði við vinnuveitanda og hafi umsjón með ráðningarferlinu í samvinnu við fulltrúa kirkjutónlistarráðs. Til vara leggur nefndin til breytingu b)

Tillaga a)

Biskup Íslands auglýsir laus störf organista í samráði við vinnuveitanda. Fulltrúi kirkjutónlistarráðs fyrir hönd biskups kannar hvort umsækjendur uppfylli lögboðin skilyrði til starfsins. Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup umsóknir ásamt umsögn sinni til hlutaðeigandi vinnuveitanda (sóknarnefndar í flestum tilvikum), sem ákveður, að höfðu lögboðnu samráði, hver skuli ráðinn og tilkynnir það prófasti.

- Fáist ekki organisti til starfa með tilskilda kirkjutónlistarmenntun, sbr. 9. gr., er heimilt að ráða tímabundið í starfið til eins árs í senn.
- Auglýsa skal laus störf organista með fjögurra vikna umsóknarfresti hið minnsta.
- Í auglýsingu skal koma fram ítarleg starfslýsing, ráðningarkjör og umsóknarfrestur.

- Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir menntun og fyrri störfum og skila gögnum þar um eftir því sem við á.

Tillaga b)

Sóknarnefndir auglýsa laus störf organista í samræmi við starfsreglur þessar. **Auglýsinguna skal senda á biskupsstofu til birtingar á vef þjóðkirkjunnar kirkjan.is. Leita skal til annars eða beggja eftirfarandi aðila eftir faglegri aðstoð við ráðningarferli:** Skólastjóra Tónskóla þjóðkirkjunnar eða formanns FÍO (Félag íslenskra organleikara).

- Fáist ekki organisti til starfa með tilskilda kirkjutónlistarmenntun, sbr. 9. gr., er heimilt að ráða tímabundið í starfið til eins árs í senn.
- Auglýsa skal laus störf organista með fjögurra vikna umsóknarfresti hið minnsta.
- Í auglýsingu skal koma fram ítarleg starfslýsing, ráðningarkjör og umsóknarfrestur.
- Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir menntun og fyrri störfum og skila gögnum þar um eftir því sem við á.

11. gr.

Organisti stýrir tónlistarstarfi safnaðar í samráði við presta, sóknarnefnd og annað starfsfólk s.s. stjórnendur annarra kóra safnaðarins og starfsfólk í barna- og æskulýðsstarfi.

- Organisti gerir árlega starfs- og rekstraráætlun og leggur fyrir sóknarnefnd til samþykktar.
- Organisti ber ábyrgð á hljóðfærum safnaðarins, notkun þeirra og viðhaldi.
- Sóknarnefnd setur organista erindisbréf.

Nefndin leggur til breytingar á orðalagi (sjá feitletur) Nefndin vill einnig hnykkja á að það sé ekki eingöngu á ábyrgð organista að sinna viðhaldi hljóðfæra heldur einnig sóknarnefnda. Nefndin telur ekki þörf á að organistum séu sett erindisbréf enda ku slíkt ekki hafa tíðkast víðast hvar undanfarin ár. Nefndin vill því leggja til þessa breytingu á 11. gr.:

Organisti stýrir tónlistarstarfi safnaðar á **grundvelli tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar í samvinnu** við presta, sóknarnefnd og annað starfsfólk s.s. stjórnendur annarra kóra safnaðarins og starfsfólk í barna- og æskulýðsstarfi.

- Organisti gerir árlega starfs- og rekstraráætlun og leggur fyrir sóknarnefnd til samþykktar.
- Organisti ber ábyrgð á hljóðfærum safnaðarins, hefur eftirlit með notkun þeirra og umsjón með viðhaldi. **Sóknarnefnd ber einnig ábyrgð á að viðhaldi hljóðfæra sé sinnt.**

12. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 57. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma falla brott starfsreglur um organista nr. 823/1999, með síðari breytingum og starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002, með síðari breytingum.

Þessi grein, (12.) er hér óbreytt frá því sem verið hefur.

Lokaorð

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017 var lögð fyrir kirkjuping 2023-2024. Hún laut einkum að 11. gr. starfsreglna um kirkjutónlist [sem nú er orðin 10. gr.]. Miklar umræður spunnust á kirkjupingi þar sem fjallað var um tillöguna.

Það er einróma álit nefndarinnar að leggja til að 10. gr. starfsreglna verði breytt til samræmis við starfsreglur um djákna á þann veg að Biskup Íslands auglýsi laus störf organista í samráði við vinnuveitanda og hafi umsjón með ráðningarferlinu í samvinnu við fulltrúa kirkjutónlistarráðs.

Nefndin telur einnig ljóst að skerpa þarf á hlutverki kirkjutónlistarráðs og söngmálastjóra, útbúa skipurit og starfslýsingu fyrir söngmálastjóra.